



Haustþing
Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra, SSNE
4. október 2024
Haldið í Hofi á Akureyri.

Pinggerð

Pingsetning

Helena Eydís Ingólfssdóttir, varaformaður stjórnar SSNE, setur þingið kl. 11:00 og býður þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Þá tilnefnir varaformaður Ásthildi Sturludóttur, bæjarstjóra Akureyrarbæjar sem þingforseta og Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur framkvæmdastjóra SSNE og Díönu Jóhannsdóttur verkefnisstjóra SSNE sem þingritara.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Þingforseti kannaði lögmati þingsins sem var boðað með tölvupósti 6. september síðastliðinn. Engar athugasemdir komu fram.

Þingforseti kynnti tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

Arnar Þór Stefánsson, Fjallabyggð
Hjálmar Bogi Hafliðason, Norðurþingi (formaður)
Hulda Elma Eysteinsdóttir, Akureyrarbær

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Ávörp gesta

Þingforseti gefur **Bjarkey Olsen Gunnarsdóttur**, matvælaráðherra orðið. Ráðherra kom meðal annars inn á yfirferð þingmanna um kjördæmið í kjördæmavíkinni sem er að líða. Bjarkey ræddi málefni matvælaráðuneytisins; landbúnað, matvælaframleiðslu og sjávarútveg og þær breytingar sem eru fyrirhugaðar í tengslum strandveiðar og byggðakvóta. Þá kom ráðherra inn á mikilvægi Sóknaráætlanna landshlutanna og mikilvægi þess að þær séu fjármagnaðar.

Þingforseti opnar mælendaskrá um erindi ráðherra.

Ráðherra var spurð um fyrirhugaðar lagabreytingar á strandveiðum, burðarþolsmat í Eyjafjarðar og byggðakvóta. Til máls tóku Sigurður Þór Guðmundsson, Tómas Atli Einarsson, og Jón Hjaltason.

Ráðherra sagði nýtt strandveiðafrumvarp í smíðum í ráðuneytinu og þar sé horft til þess að jafna hlut fyrst og fremst. Þá sagði ráðherra að ákvörðun hafi ekki verið tekin um hvort burðarþolsmat verði gert fyrir Eyjafjörð en að eðlilegt sé að vinna við strandsvæðaskipulag sem á að hefjast á næsta ári fái að klárast.

Þingforseti gefur **Guðlaugi Þór Þórðarsyni**, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra orðið og kom ráðherra meðal annars inn nýsköpun í orkumálum, heilbrigðiseftirlit, flutning starfa út á land en sú vinna er í gangi og mun halda áfram. Ráðherra ræddi jafntframt orkunýtingu og mikilvægi rafmagnsinnviði og þá innviðaskuld sem við erum í.

Þingforseti opnar mælendaskrá um erindi ráðherra.

Ráðherra var spurður um hvort vænta væri stefnumörkun í vindorkumálum, tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þá var ráðherra spurður í tengslum við hringtengingu rafmagns hvort ráðherra myndi stíga inn í deilur og höggva á hnúta þegar sveitarstjórnir ná ekki lendingu. Til máls tóku: Katrín Sigurjónsdóttir, Jón Hjaltason og Finnur Yngvason.

Ráðherra sagði að starfshópur hefði unnið ítarlega skýrslu og gera megi jafnframt breytinga á rammaáætlun. Í vindorkumálum muni stjórnvöld færa mikla ábyrgð og völd til sveitarfélagana. Þá sagði ráðherra að það væri vond niðurstaða ef ráðherra þyrfti að stíga inn í deilur til að höggva á hnúta en ef þjóðahagsmunir væru í húfi þyrfti svo sannarlega að gera það.

Eftir að umræðum lauk kl. 11:50 bauð þingforseti þinggestum til hádegisverðar. Gert var hlé á þingstörfum á meðan.

Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Þingstörf hófust að nýju kl. 12:30. Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins til að taka saman umræðu um skýrslu stjórnar um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar og starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Helena Eydís Ingólfssdóttir, varaformaður stjórnar flytur skýrslu stjórnar um framvindu starfsáætlunar 2023 og drög að starfsáætlun SSNE 2024. Skýrslu stjórnar og [drög að starfsáætlun SSNE árið 2025 má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnisstjóri fjármála kynnir stöðu fjárhagsáætlunar SSNE fyrir árið 2023 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. [Uppfærða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024-2027 má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Hilda Jana Gísladóttir, formannaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs kynnti starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. [Starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Þingforseti opnar mælendaskrá um skýrslu stjórnar um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar 2023, og starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

Enginn tók til máls.

Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður kjörnefndar kom upp og gerði grein fyrir mætingu á þingið, en 29 þingfulltrúar af 35 eru mættir. Einnig var löglega til þingsins boðað og þingið því ályktanabært.

Mál til afgreiðslu

Þingforseti ber upp tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árin 2024-2027.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Sóknaráætlun 2025-2029 - Vinnustofa

Þingforseti tekur til máls og felur Elvu Gunnlaugsdóttur, Díönu Jóhannsdóttur og Önnu Lind Björnsdóttur að taka við stjórn þingsins.

Á vinnustofunni var fjallað um drög að Sóknaráætlun 2025-2029 og sköpuðust góðar umræður um verkefni framundan.

Önnur mál

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins að þingforseti og þingritara klári og gangi frá þinggerð og leggi fyrir stjórn SSNE.

Þingi slitið

Þingforseti þakkar fyrir góðan fund og fól Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar SSNE að slíta þinginu. Lára Halldóra þakkar þinggestum og starfsmönnum SSNE fyrir gott þing.

Þingi slitið 16:00.